

14. september 2018

## Fjármál hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2018

*Quarterly government accounts, 2nd quarter 2018*

Tekjuafkoma hins opinbera var jákvæð um 1,5 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2018. Tekjuafgangurinn nam 0,2% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 0,5% af tekjum hins opinbera. Á sama tíma 2017 var afkoman neikvæð um 28,4 milljarða króna. Þessi neikvæða afkoma árið 2017 skýrist af 35,0 milljarða króna fjármagnstilfærslu sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs, sem er tilkomin vegna breytinga á A deild sjóðsins.

Heildartekjur hins opinbera jukust um 2,5% milli 2. ársfjórðungs 2017 og 2018. Tekjuaukningin skýrist aðallega af auknum skatttekjum og tryggingargjöldum. Á sama tímabili drögust heildarútgjöld hins opinbera saman um 7,6%. Sú útgjaldaminnkun skýrist aðallega af lægri vaxtagjöldum og tilfærsluútgjöldum. Magnbreyting samneyslu hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2018 frá sama tíma árið áður var 2,8%.

Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.574 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2018 sem samsvarar 56,8% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 332,5 milljarða króna í lok ársfjórðungsins, en það samsvarar 12,0% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Skuldir ríkissjóðs drögust saman um 49,6 milljarða króna milli 2. ársfjórðungs 2017 og 2018. Stærsti hluti þess skýrist af 18% samdrætti í útstandandi ríkisverðbréfum.

Vegna tafa á útgáfu Ríkisreiknings fyrir árið 2017, eru tölur fyrir 2017 enn bráðabirgðatölur. Fjármál hins opinbera 2017 - endurskoðun, sem fyrirhuguð var þann 14. september hefur verið frestað til 13. desember næstkomandi. Vegna breytinga á gagnaskilum sem átt hafa sér stað í tengslum við innleiðingu laga um opinber fjármál er óvissa í uppgjöri fjármála hins opinbera meiri nú en undir venjulegum kringumstæðum. Niðurstöður um fjármál hins opinbera á 2. ársfjórðungi eru því settar fram með fyrirvara um breytingar sem kunna að verða vegna fyllri upplýsinga.

### Hið opinbera

Heildartekjur hins opinbera hækkuðu um 2,5%

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 281,2 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2018, sem er 2,5% aukning frá 2. ársfjórðungi 2017. Sú aukning skýrist aðallega af hærri tryggingargjöldum og skatttekjum en áætluð aukning í skatttekjum hins opinbera er 4,9%. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 87,7% af heildartekjum hins opinbera á ársfjórðungnum og skiluðu hinu opinbera 246,8 milljörðum króna.




*Útgjöld drögust saman um  
7,6%*

Á 2. ársfjórðungi 2018 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera hafi verið 279,7 milljarðar króna en þau voru 302,8 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2017. Samdrátturinn milli ára nemur 7,6% sem skýrist aðallega af lægri vaxtagjöldum og tilfærsluútgjöldum, en meðtalin á 2. ársfjórðungi 2017 er 35,0 milljarða króna fjármagnstilfærsla sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs.

Áætluð aukning í launakostnaði hins opinbera er 8,2% á verðlagi hvors árs. Launakostnaður og kaup á vöru og þjónustu nema 60,2% af heildarútgjöldum hins opinbera. Magnbreyting samneyslu hins opinbera er áætluð 2,8% á 2. ársfjórðungi 2018 frá sama ársfjórðungi 2017.

**Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungs**  
*Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP*



**Skýringar** Notes: Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar á 1. ársfj. 2016, án stöðugleikaframlagsins hefði tekjuföfnudurinn verið neikvæður um 1,7% af VLF ársfjórðungsins. Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin á 4. ársfj. 2016. Fjármagnstilfærsla sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs upp á 35,0 ma.kr. er meðtalin á 2. ársfjórðungi 2017. Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 1st quarter 2016, when excluding the stability contribution the deficit is estimated to be 1.7% of quarterly GDP. The central government's 105.1 billion ISK contribution to the Apart of the State Pension Fund has been included as an expense in 4th quarter 2016. The local government's 35.0 billion ISK contribution to the Pension Fund Brú has been included as an expense in 2nd quarter 2017.

*Tekjuafkoma hins opinbera var  
jákvæð um 1,5 milljarða*

Tekjuafkoma hins opinbera er áætluð jákvæð um 1,5 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2018. Tekjuafgangurinn nam 0,5% af heildartekjum hins opinbera og 0,2% af landsframleiðslu ársfjórðungsins. Á sama tíma 2017 var afkoman neikvæð um 28,4 milljarða króna, en án fjármagnstilfærslu sveitarfélaganna til Brúar lífeyrissjóðs hefði afkoma hins opinbera verið jákvæð um 6,6 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2017.

**Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2017 og 2018**  
**Table 1. General government finances in 2nd quarter 2017 and 2018**

Milljarðar króna Billion ISK	2. ársfj. 2nd quarter			1.-2. ársfj. 1st–2nd quarter		
			Breyting, %			Breyting, %
	2017 <sup>1</sup>	2018 <sup>1</sup>	Change, %	2017 <sup>1</sup>	2018 <sup>1</sup>	Change, %
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	274,4	281,2	2,5	536,2	568,9	6,1
2. Heildarútgjöld <sup>2</sup> <i>Expenditure</i> <sup>2</sup>	302,8	279,7	-7,6	557,1	545,1	-2,1
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	22,2	22,0	-1,2	38,4	38,7	0,7
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-28,4	1,5	•	-20,8	23,8	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i>	-10,4	0,5	•	-3,9	4,2	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF <sup>3</sup> <i>Financial bal. % of GDP<sup>3</sup></i>	-4,5	0,2	•	-1,7	1,8	•

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>2</sup> Fjármagnstilfærla sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs upp á 35,0 ma.kr. er meðtalin á 2. ársfjórðungi 2017. *The local government's 35.0 billion ISK contribution to the Pension Fund Brú has been included as an expense in 2nd quarter 2017.*

<sup>3</sup> Hlutfall af VLF ársfjórðungsins. *Percentage of quarterly GDP.*

## Ríkissjóður

*Tekjuafkoma ríkissjóðs var jákvæð um 6,5 milljarða*

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni hafi verið 201,0 milljarður króna á 2. ársfjórðungi 2018 og heildarútgjöld 194,5 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því jákvæður um 6,5 milljarða króna á 2. ársfjórðungi, eða sem nemur 0,9% af landsframleiðslu ársfjórðungsins.

Þegar fyrstu tveir ársfjórðungar ársins 2018 eru bornir saman við fyrstu tvo árið 2017 þá hafa tekjur ríkissjóðs aukist um 23,1 milljarð króna eða 5,9%. Skýrist þessi aukning aðallega af auknum skatttekjum ríkisins og tryggingargjöldum. Heildarútgjöld ríkissjóðs jukust um 2,1% á fyrstu tveimur ársfjórðungum 2018 samanborið við sama tímabil 2017.

**Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 2. ársfjórðungi 2017 og 2018**

**Table 2. Central government finances in 2nd quarter 2017 and 2018**

Milljarðar króna Billion ISK	2. ársfj. 2nd quarter			1.-2. ársfj. 1st–2nd quarter		
			Breyting, %			Breyting, %
	2017 <sup>1</sup>	2018 <sup>1</sup>	Change, %	2017 <sup>1</sup>	2018 <sup>1</sup>	Change, %
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	199,7	201,0	0,6	390,8	413,9	5,9
2. Heildarútgjöld <i>Expenditure</i>	191,2	194,5	1,7	375,1	382,8	2,1
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	14,1	11,8	-16,5	23,4	19,9	-15,1
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	8,5	6,5	•	15,8	31,1	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i>	4,3	3,2	•	4,0	7,5	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF <sup>2</sup> <i>Financial bal. % of GDP<sup>2</sup></i>	1,3	0,9	•	1,3	2,3	•

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>2</sup> Hlutfall af VLF ársfjórðungsins. *Percentage of quarterly GDP.*

Á gjaldahlið ríkissjóðs eru umfangsmestu útgjaldaliðirnir fjárfamlög til almannatrygginga, launakostnaður, kaup á vöru og þjónustu og vaxtagjöld. Á 2. ársfjórðungi 2018 er áætlað að launakostnaður hafi aukist um 8,1% og að kaup á vöru og þjónustu hafi aukist um 3,8% frá sama ársfjórðungi 2017. Áætlað er hins vegar að vaxtagjöld hafi dregist saman um 18,3%.

Magnbreyting samneyslu ríkissjóðs mældist 1,9% á 2. ársfjórðungi 2018, en á sama tíma árið 2017 mældist magnbreytingin 2,2%.

#### *Áhrif breyttra aðferða við mat á eignum ríkissjóðs*


Peningalegar eignir ríkissjóðs námu 1.242 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2018, eða sem nemur 44,8% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hafa peningalegar eignir aukist um tæplega 312 milljarða króna frá sama ársfjórðungi 2017 eða 33,5%. Þar vegur þyngst endurmat Fjársýslunnar á eignarhlutum í fyrirtækjum í samræmi við lög um opinber fjármál og nýjar reikningsskilaaðferðir (IPSAS). Fyrir endurmatið var hlutaféð metið á kostnaðarverði eða hlutdeild í eigin fé, það sem lægra reyndist. Fyrri ár var því aðeins færð breyting á eign í félögum ef taprekstur var á félagi og eigið fé var lægra en skráður eignarhlutur. Frá og með 1. ársfjórðungi 2018 færir Fjársýslan eignarhlut ríkissjóðs í félögum sem hlutdeild í eigin fé félaganna.

#### *Skuldir ríkissjóðs hafa dregist saman um 3,1%*

Skuldir ríkissjóðs námu 1.574 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2018 í samanburði við 1.624 milljarða í lok 2. ársfjórðungs 2017. Skuldir ríkissjóðs hafa dregist saman um 3,1%, sem skýrist aðallega af 18% lækkun í útistandandi ríkisverðbréfum. Sem hlutfall af áætlaðri landsframleiðslu ársins námu skuldirlar 56,8% í lok 2. ársfjórðungs 2018 en voru 62,1% í lok 2. ársfjórðungs 2017.

Peningalegar eignir ríkisins umfram skuldir voru neikvæðar um 333 milljarða króna í lok 2. ársfjórðungs 2018 sem nemur 12,0% af áætlaðri landsframleiðslu ársins samanborið við 26,5% í lok 2. ársfjórðungs 2017.

**Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF**  
*Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP*



**Skýringar Notes:** Frá og með 1. ársfjórðungi 2018 er eignarhlutur ríkissjóðs í félögum færður sem hlutdeild í eigin fée félaganna í samræmi við lög um opinber fjármál og IPSAS. As of 1<sup>st</sup> quarter, the Treasury's holding in companies is now classified as a share of the company's equity in accordance with the Public Finance Act and IPSAS.

## Sveitarfélög

*Heildartekjur sveitarfélaga hækkuðu um 7,2%*

Heildartekjur sveitarfélaganna á 2. ársfjórðungi 2018 eru áætlaðar 90,4 milljarðar króna og heildarútgjöld 93,5 milljarðar króna. Tekjuhalli 2. ársfjórðungs er því áætlaður 3,1 milljarður króna. Á sama tíma 2017 var tekjuafkoman neikvæð um 36,4 milljarða króna. Tekjur sveitarfélaga hafa aukist um 7,2% frá sama tíma í fyrra en útgjöldin dregist saman um 22,6%. Þessi samdráttur skýrist aðallega af 35,0 milljarða króna fjármagnstilfærslu sveitarfélaganna til Brúar lífeyrissjóðs sem var gjaldfærður á 2. ársfjórðungi 2017.

**Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 2. ársfjórðungi 2017 og 2018**

*Table 3. Local government finances in 2nd quarter 2017 and 2018*

Milljarðar króna Billion ISK	2. ársfj. 2nd quarter		1.-2. ársfj. 1st–2nd quarter			
	2017 <sup>1</sup>	2018 <sup>1</sup>	Breyting, %	2017 <sup>1</sup>	2018 <sup>1</sup>	Breyting, %
			Change, %			Change, %
1. Heildartekjur <i>Revenue</i>	84,3	90,4	7,2	164,4	175,0	6,4
2. Heildarútgjöld <sup>2</sup> <i>Expenditure<sup>2</sup></i>	120,7	93,5	-22,6	200,7	180,1	-10,3
2.1 Fjárfesting <i>Investment</i>	8,1	10,2	25,5	15,0	18,8	25,5
3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) <i>Financial bal. (3 = 1 - 2)</i>	-36,4	-3,1	•	-36,4	-5,2	•
4. Tekjujöfnuður % af tekjum <i>Fin. bal. % of revenue</i>	-43,2	-3,5	•	-22,1	-3,0	•
5. Tekjujöfnuður % af VLF <sup>3</sup> <i>Financial bal. % of GDP<sup>3</sup></i>	-5,7	-0,4	•	-2,9	-0,4	•

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

<sup>2</sup> Fjármagnstilfærsla sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs upp á 35,0 ma.kr. er meðtalinn á 2. ársfjórðungi 2017. *The local government's 35.0 billion ISK contribution to the Pension Fund Brú has been included as an expense in 2nd quarter 2017.*

<sup>3</sup> Hlutfall af VLF ársfjórðungsins. *Percentage of quarterly GDP.*

*Útsvarstekjur hækkuðu um 8,3%*

Útsvarstekjur eru stærsti tekjuliður sveitarfélaga og nema 61,7% af heildartekjum þeirra. Á 2. ársfjórðungi 2018 skiliðu útsvarstekjur 55,8 milljörðum króna, sem er aukning um 8,3% frá sama tíma 2017. Launakostnaður er umfangsmesti útgjalda-liður sveitarfélaganna og nemur 46,8% af heildarútgjöldum, kaup á vörum og þjónustu fylgir á eftir með 30,4% af heildarútgjöldum. Á 2. ársfjórðungi 2018 er áætlað að launakostnaður sveitarfélaganna hafi aukist um 8,4% og kaup á vörum og þjónustu hafi aukist um 7,5% í samanburði við 2. ársfjórðung 2017.

Magnbreyting samneyslu sveitarfélaga mældist 3,8% á 2. ársfjórðungi 2018 sem er svipað og á sama ársfjórðungi 2017 þegar hún mældist 3,7%.

## Gagna- og aðferðalýsing

*Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni*

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Auk mánaðarhefta eru fjárlög notuð við matið. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna eru notuð gögn sem safnað er í gegnum upplýsingaveitu sveitarfélaganna. Upplýsingaveitan er samstarfsverkefni Hagstofunnar, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún er vistuð hjá Hagstofu sem jafnframt sér um söfnun gagna frá sveitarfélögunum. Gögnin eru á rekstargrunni en einnig er stuðst við fjárhagsáætlanir sem sveitarfélöginn skila inn í veituna. Mat á fjárfestingu sveitarfélaganna er byggt á fjárhagsáætlunum þeirra fyrir árið í heild.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarrafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munurinn á þessum tveimur mælikvörðum er því fólginn í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestiningin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

## English summary

In the 2nd quarter of 2018, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to a surplus of 1.5 billion ISK or 0.2% of quarterly GDP and 0.5% of the general government total revenue. In first half of the year the surplus amounted to 23.8 billion ISK, compared to a deficit of 20.8 billion ISK in the first half of 2017. The vast difference between 2018 and 2017 can be explained by the local government's 35.0 billion ISK contribution to the Municipalities Employees Pension Fund Brú which has been included as a capital transfer in 2nd quarter 2017.

The general government total revenue is estimated to 281.2 billion ISK in the 2nd quarter of 2018, an increase of 2.5% from previous year. The main drive in the increase is social contribution and tax revenues, which increased by 5.2%. The total expenditure decreased by 7.6%, from 302.9 billion ISK in 2017 to 279.7 billion ISK in 2018, mainly due to increase in compensation of employees.

The central government total liabilities at the end of the 2nd quarter 2018 amounted to 1,574 billion ISK or 56.8% of GDP. The net financial position of the central government, i.e. financial assets less liabilities, was negative by 333 billion ISK or 12.0% of GDP, compared to 26.5% in the same period last year. Hence, the central government net financial asset position has improved by 361 billion ISK between the 2nd quarters of 2017 and 2018. As of 1st quarter 2018, the Treasury's holding in companies is classified as a share of the company's equity in accordance with the Public Finance Act and IPSAS, which explains the large increase in financial assets.

The revenue and expenditure figures for the general government and its sub-sectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles, whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. On accrual basis, flows are recorded when they are established regardless of when actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

Due to delays in the publication of the annual State accounts for 2017, the figures for 2017 are presented subject to changes as more information becomes available. For same reason the publication of the *General government finances 2017 - revision*, scheduled for 14 September, has been postponed until 13 December.

Due to changes in source data that have taken place in connection with the implementation of the Act on Public Finance, uncertainty in public sector accounts is greater now than under normal circumstances. The results of public finances in 2nd quarter are therefore presented subject to changes that may be due to more information.

**Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2015–2018**
*Table 4. Quarterly Government Finances 2015–2018*

Verðlag hvers árs, milljarðar króna <i>Billion ISK at current prices</i>	Heildartekjur <i>Total revenue</i> (1)	Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i> (2)	— þar af fjárfesting — thereof <i>— thereof</i> (2.1)	Tekjujöfnuður <i>Financial investment</i> (3=1-2)	hlutfall af heildartekjum <i>Financial balance % of total revenue</i> (3)	Tekjujöfnuður hlutfall af VLF <i>Financial balance % of GDP</i>
<b>Hið opinbera The General Government</b>						
<b>2015</b>	<b>931,0</b>	<b>949,1</b>	<b>64,0</b>	<b>-18,2</b>	<b>-2,0</b>	<b>-0,8</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	221,7	235,3	13,4	-13,5	-6,1	-0,6
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	217,7	229,1	15,1	-11,3	-5,2	-0,5
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	228,0	235,8	17,3	-7,9	-3,4	-0,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	263,5	249,0	18,1	14,5	5,5	0,6
<b>2016</b>	<b>1.418,3</b>	<b>1.109,9</b>	<b>67,8</b>	<b>308,4</b>	<b>21,7</b>	<b>12,3</b>
1. ársfjórðungur <sup>1</sup> <i>1st quarter</i> <sup>1</sup>	620,2	247,1	13,5	373,1	60,2	14,9
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	255,4	243,0	16,8	12,4	4,9	0,5
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	259,7	248,3	19,0	11,4	4,4	0,5
4. ársfjórðungur <sup>2</sup> <i>4th quarter</i> <sup>2</sup>	282,9	371,5	18,5	-88,5	-31,3	-3,5
<b>2017<sup>4</sup></b>	<b>1.112,7</b>	<b>1.111,7</b>	<b>84,7</b>	<b>0,9</b>	<b>0,1</b>	<b>0,0</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	261,9	254,3	16,2	7,6	2,9	0,3
2. ársfjórðungur <sup>3</sup> <i>2nd quarter</i> <sup>3</sup>	274,4	302,8	22,2	-28,4	-10,4	-1,1
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	275,2	272,0	24,7	3,2	1,2	0,1
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	301,2	282,6	21,6	18,6	6,2	0,7
<b>2018<sup>4</sup></b>	...	...	...	...	...	...
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	287,6	265,4	16,7	22,2	7,7	0,8
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	281,2	279,7	22,0	1,5	0,5	0,1
<b>Ríkissjóður The Central Government</b>						
<b>2015</b>	<b>692,4</b>	<b>698,3</b>	<b>41,5</b>	<b>-5,9</b>	<b>-0,9</b>	<b>-0,3</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	164,6	175,6	8,5	-11,0	-6,7	-0,5
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	159,1	165,7	9,6	-6,6	-4,1	-0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	167,8	174,2	10,8	-6,4	-3,8	-0,3
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	200,9	182,9	12,7	18,0	9,0	0,8
<b>2016</b>	<b>1.149,0</b>	<b>848,8</b>	<b>43,6</b>	<b>300,2</b>	<b>26,1</b>	<b>12,0</b>
1. ársfjórðungur <sup>1</sup> <i>1st quarter</i> <sup>1</sup>	555,0	183,0	8,6	372,0	67,0	14,9
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	187,2	173,9	10,9	13,3	7,1	0,5
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	188,6	180,4	11,3	8,2	4,4	0,3
4. ársfjórðungur <sup>2</sup> <i>4th quarter</i> <sup>2</sup>	218,2	311,5	12,8	-93,4	-42,8	-3,7
<b>2017<sup>4</sup></b>	<b>815,5</b>	<b>785,0</b>	<b>51,3</b>	<b>30,5</b>	<b>3,7</b>	<b>1,2</b>
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	191,1	183,9	9,3	7,2	3,8	0,3
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	199,7	191,2	14,1	8,5	4,3	0,3
3. ársfjórðungur <i>3rd quarter</i>	200,1	199,0	14,1	1,1	0,5	0,0
4. ársfjórðungur <i>4th quarter</i>	224,5	210,8	13,7	13,7	6,1	0,5
<b>2018<sup>4</sup></b>	...	...	...	...	...	...
1. ársfjórðungur <i>1st quarter</i>	212,9	188,3	8,1	24,6	11,5	0,9
2. ársfjórðungur <i>2nd quarter</i>	201,0	194,5	11,8	6,5	3,2	0,2

<sup>1</sup> Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included.*
<sup>2</sup> Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense.*
<sup>3</sup> Fjármagnstilfærsla sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs upp á 35 ma.kr. er meðtalin. *The local government's 35 billion ISK contribution to the Pension Fund Brú has been included as an expense.*
<sup>4</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2015–2018 (frh.)  
 Table 4. Quarterly Government Finances 2015–2018 (cont.)

Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices	Heildartekjur Total revenue	Heildarútgjöld Total expenditure	— þar af fjárfesting — thereof	Tekjujöfnuður Financial investment	hlutfall af heildartekjum Financial balance % of total revenue	Tekjujöfnuður Financial balance % of GDP
	(1)	(2)	(2.1)	(3=1-2)		
<b>Sveitarfélög The Local Governments</b>						
<b>2015</b>	<b>273,6</b>	<b>287,0</b>	<b>22,5</b>	<b>-13,3</b>	<b>-4,9</b>	<b>-0,6</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter	65,3	68,0	5,0	-2,6	-4,0	-0,1
2. ársfjórðungur 2nd quarter	67,2	71,7	5,5	-4,5	-6,7	-0,2
3. ársfjórðungur 3rd quarter	69,3	70,9	6,6	-1,6	-2,3	-0,1
4. ársfjórðungur 4th quarter	71,8	76,5	5,4	-4,6	-6,4	-0,2
<b>2016</b>	<b>308,3</b>	<b>306,5</b>	<b>24,1</b>	<b>1,9</b>	<b>0,6</b>	<b>0,1</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter	73,2	73,0	4,9	0,3	0,4	0,0
2. ársfjórðungur 2nd quarter	77,2	78,0	5,9	-0,8	-1,1	0,0
3. ársfjórðungur 3rd quarter	78,1	76,9	7,6	1,3	1,6	0,0
4. ársfjórðungur 4th quarter	79,8	78,6	5,7	1,2	1,4	0,0
<b>2017<sup>4</sup></b>	<b>337,0</b>	<b>372,3</b>	<b>33,4</b>	<b>-35,3</b>	<b>-10,5</b>	<b>-1,3</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter	80,1	80,0	6,8	0,0	0,0	0,0
2. ársfjórðungur <sup>3</sup> 2nd quarter <sup>3</sup>	84,3	120,7	8,1	-36,4	-43,2	-1,4
3. ársfjórðungur 3rd quarter	85,4	85,1	10,6	0,3	0,3	0,0
4. ársfjórðungur 4th quarter	87,3	86,5	7,9	0,8	0,9	0,0
<b>2018<sup>4</sup></b>	...	...	...	...	...	...
1. ársfjórðungur 1st quarter	84,6	86,6	8,6	-2,0	-2,4	-0,1
2. ársfjórðungur 2nd quarter	90,4	93,5	10,2	-3,1	-3,5	-0,1
<b>Almannatryggingar The Social Security Funds</b>						
<b>2015</b>	<b>178,8</b>	<b>177,7</b>	<b>0,0</b>	<b>1,1</b>	<b>0,6</b>	<b>0,0</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter	43,5	43,3	0,0	0,1	0,3	0,0
2. ársfjórðungur 2nd quarter	43,8	44,0	0,0	-0,3	-0,6	0,0
3. ársfjórðungur 3rd quarter	44,1	43,9	0,0	0,1	0,3	0,0
4. ársfjórðungur 4th quarter	47,6	46,4	0,0	1,1	2,4	0,0
<b>2016</b>	<b>200,3</b>	<b>194,0</b>	<b>0,0</b>	<b>6,3</b>	<b>3,2</b>	<b>0,3</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter	47,8	47,0	0,0	0,8	1,7	0,0
2. ársfjórðungur 2nd quarter	47,6	47,7	0,0	-0,1	-0,2	0,0
3. ársfjórðungur 3rd quarter	50,5	48,6	0,0	1,9	3,8	0,1
4. ársfjórðungur 4th quarter	54,3	50,6	0,0	3,7	6,8	0,1
<b>2017<sup>4</sup></b>	<b>229,7</b>	<b>223,9</b>	<b>0,0</b>	<b>5,7</b>	<b>2,5</b>	<b>0,2</b>
1. ársfjórðungur 1st quarter	54,8	54,5	0,0	0,3	0,6	0,0
2. ársfjórðungur 2nd quarter	54,6	55,2	0,0	-0,6	-1,0	0,0
3. ársfjórðungur 3rd quarter	57,9	56,0	0,0	1,9	3,2	0,1
4. ársfjórðungur 4th quarter	62,3	58,2	0,0	4,1	6,6	0,2
<b>2018<sup>4</sup></b>	...	...	...	...	...	...
1. ársfjórðungur 1st quarter	58,6	58,9	0,0	-0,3	-0,5	0,0
2. ársfjórðungur 2nd quarter	58,3	60,2	0,0	-1,9	-3,2	-0,1

<sup>3</sup> Fjármagnstilfærsla sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs upp á 35 ma.kr. er meðalinn á 2. ársfjórðungi 2017. The local government's 35 billion ISK contribution to the Pension Fund Brú has been included as an expense in 2nd quarter 2017.

<sup>4</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2017–2018**

Table 5. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2017–2018

Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices	2017 <sup>1</sup>						2018 <sup>1</sup>		
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>		2018 <sup>1</sup>			Á <i>Total</i>	I <i>Q I</i>	II <i>Q II</i>
		I	II	III	IV				
<b>1 Heildartekjur Total revenue</b>	<b>1.112,7</b>	<b>261,9</b>	<b>274,4</b>	<b>275,2</b>	<b>301,2</b>	<b>287,6</b>	<b>281,2</b>		
11 Skatttekjur Taxes	875,2	200,3	213,0	219,3	242,6	209,7	223,5		
111 Skattar á tekjur Taxes on revenue	477,3	109,1	116,2	118,4	133,6	115,2	124,1		
112 Skattar á laun Taxes on payroll	7,9	2,0	2,0	2,0	2,0	2,1	2,1		
113 Eignarskattar Property taxes	53,0	13,4	13,2	13,1	13,3	14,3	14,1		
114 Skattar á vörum og þjónustu Taxes on goods and services	316,1	73,4	77,4	80,8	84,5	75,9	79,6		
115 Skattar á alþjóðaviðskipti Taxes on international trade	4,2	0,9	1,1	1,0	1,3	0,6	0,6		
116 Aðrir skattar Other taxes	16,7	1,6	3,1	3,9	8,0	1,6	3,1		
12 Tryggingagjöld Social contributions	89,2	21,2	21,5	22,9	23,6	22,9	23,2		
13 Fjárfamlög Grants	2,7	0,6	0,6	0,7	0,7	0,6	0,7		
14 Áðrar tekjur Other revenue	145,5	39,8	39,2	32,3	34,2	54,4	33,8		
<b>2 Heildarútgjöld Total expenditure</b>	<b>1.111,7</b>	<b>254,3</b>	<b>302,8</b>	<b>272,0</b>	<b>282,6</b>	<b>265,4</b>	<b>279,7</b>		
21 Laun Wages	363,0	84,5	91,2	89,4	98,0	91,4	98,6		
22 Kaup á vörum og þjónustu Use of goods and services	266,2	64,1	66,2	65,0	70,9	68,0	69,8		
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	53,2	13,1	13,1	13,3	13,6	13,8	13,9		
24 Vaxtagjöld Interest	99,3	25,7	24,4	27,8	21,4	21,6	20,6		
25 Framleiðslustyrkir Subsidies	38,1	9,5	9,5	9,2	10,0	9,6	9,5		
26 Fjárfamlög Grants	5,7	1,0	1,5	1,3	1,9	1,0	1,5		
27 Félaglegar tilfærslur til heimila Social benefits	171,6	42,3	41,9	43,1	44,3	45,1	46,0		
28 Önnur útgjöld <sup>2</sup> Other expenditure <sup>2</sup>	83,0	11,2	45,8	11,5	14,5	12,0	11,7		
31 Fjárfesting Net acquisition of nonfinancial assets	84,7	16,2	22,2	24,7	21,6	16,7	22,0		
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	-53,2	-13,1	-13,1	-13,3	-13,6	-13,8	-13,9		
<b>Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB)</b>	<b>0,9</b>	<b>7,6</b>	<b>-28,4</b>	<b>3,2</b>	<b>18,6</b>	<b>22,2</b>	<b>1,5</b>		
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue</b>	<b>0,1</b>	<b>2,9</b>	<b>-10,4</b>	<b>1,2</b>	<b>6,2</b>	<b>7,7</b>	<b>0,5</b>		
<b>Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP</b>	<b>0,0</b>	<b>0,3</b>	<b>-1,1</b>	<b>0,1</b>	<b>0,7</b>	<b>0,8</b>	<b>0,1</b>		
<b>Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP</b>	<b>42,5</b>	<b>10,0</b>	<b>10,5</b>	<b>10,5</b>	<b>11,5</b>	<b>10,4</b>	<b>10,2</b>		
<b>Heildarútgjöld % af VLF Total expenditure % of GDP</b>	<b>42,5</b>	<b>9,7</b>	<b>11,6</b>	<b>10,4</b>	<b>10,8</b>	<b>9,6</b>	<b>10,1</b>		

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.<sup>2</sup> Fjármagnstilfærlaga til Brúar lifeyrissjóðs upp á 35 ma.kr. er meðtalin á 2. ársfjórðungi 2017. The local government's 35 billion ISK contribution to the Pension Fund Brú has been included as an expense in 2nd quarter 2017.

**Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2017–2018**  
 Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2017–2018

Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices	2017 <sup>1</sup>						2018 <sup>1</sup>	
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>		Á Q <i>Average Q</i>				
		I	II	III	IV	I	II	
<b>1 Heildartekjur Total revenue</b>	<b>815,5</b>	<b>191,1</b>	<b>199,7</b>	<b>200,1</b>	<b>224,5</b>	<b>212,9</b>	<b>201,0</b>	
11 Skatttekjur Taxes	615,6	139,4	148,2	152,5	175,4	145,2	153,6	
111 Skattar á tekjur Taxes on revenue	269,3	61,1	64,7	65,0	78,5	64,4	68,3	
112 Skattar á laun Taxes on payroll	7,9	2,0	2,0	2,0	2,0	2,1	2,1	
113 Eignarskattar Property taxes	9,8	2,6	2,4	2,3	2,5	2,8	2,6	
114 Skattar á vöru og þjónustu Taxes on goods and services	307,6	71,2	74,9	78,2	83,2	73,7	76,9	
115 Skattar á alþjóðaviðskipti Taxes on international trade	4,2	0,9	1,1	1,0	1,3	0,6	0,6	
116 Aðrir skattar Other taxes	16,7	1,6	3,1	3,9	8,0	1,6	3,1	
12 Tryggingagjöld Social contributions	89,2	21,2	21,5	22,9	23,6	22,9	23,2	
13 Fjárfamlög Grants	11,6	2,7	2,8	3,0	3,1	3,0	3,1	
14 Aðrar tekjur Other revenue	99,0	27,8	27,3	21,6	22,3	41,7	21,1	
<b>2 Heildarútgjöld Total expenditure</b>	<b>785,0</b>	<b>183,9</b>	<b>191,2</b>	<b>199,0</b>	<b>210,8</b>	<b>188,3</b>	<b>194,5</b>	
21 Laun Wages	179,7	41,9	43,9	44,1	49,9	45,7	47,4	
22 Kaup á vöru og þjónustu Use of goods and services	118,5	27,6	29,0	29,2	32,7	28,6	30,1	
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	38,8	9,6	9,6	9,7	10,0	10,0	10,1	
24 Vaxtagjöld Interest	88,2	22,9	21,6	25,0	18,6	18,7	17,7	
25 Framleiðslustyrkir Subsidies	33,1	8,2	8,2	7,9	8,8	8,3	8,3	
26 Fjárfamlög Grants	266,2	63,1	63,6	67,2	72,3	67,0	67,6	
27 Félaglegar tilfærslur til heimila Social benefits	14,5	3,4	3,5	3,6	3,9	3,5	3,6	
28 Önnur útgjöld Other expenditure	33,5	7,5	7,2	7,8	10,9	8,3	8,0	
31 Fjárfesting Net acquisition of nonfinancial assets	51,3	9,3	14,1	14,1	13,7	8,1	11,8	
33 Afskriftir Consumption of fixed capital	-38,8	-9,6	-9,6	-9,7	-10,0	-10,0	-10,1	
<b>Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB)</b>	<b>30,5</b>	<b>7,2</b>	<b>8,5</b>	<b>1,1</b>	<b>13,7</b>	<b>24,6</b>	<b>6,5</b>	
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue</b>	<b>3,7</b>	<b>3,8</b>	<b>4,3</b>	<b>0,5</b>	<b>6,1</b>	<b>11,5</b>	<b>3,2</b>	
<b>Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP</b>	<b>1,2</b>	<b>0,3</b>	<b>0,3</b>	<b>0,0</b>	<b>0,5</b>	<b>0,9</b>	<b>0,2</b>	
<b>Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP</b>	<b>31,2</b>	<b>7,3</b>	<b>7,6</b>	<b>7,7</b>	<b>8,6</b>	<b>7,7</b>	<b>7,3</b>	
<b>Heildarútgjöld % af VLF Total expenditure % of GDP</b>	<b>30,0</b>	<b>7,0</b>	<b>7,3</b>	<b>7,6</b>	<b>8,1</b>	<b>6,8</b>	<b>7,0</b>	

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2017–2018**

Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2017–2018

Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices	2017 <sup>1</sup>				2018 <sup>1</sup>		
	Alls Total	Ársfjórðungar (Á) Quarters (Q)			Á Á I Q II		
		I	II	III			
<b>1 Heildartekjur Total revenue</b>	<b>337,0</b>	<b>80,1</b>	<b>84,3</b>	<b>85,4</b>	<b>87,3</b>	<b>84,6</b>	<b>90,4</b>
11 Skatttekjur Taxes	259,6	60,9	64,8	66,7	67,2	64,5	69,9
111 Skattar á tekjur Taxes on revenue	208,0	48,0	51,5	53,4	55,1	50,8	55,8
112 Skattar á laun Taxes on payroll	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar Property taxes	43,2	10,8	10,8	10,8	10,8	11,5	11,5
114 Skattar á vörum og þjónustu Taxes on goods and services	8,5	2,1	2,5	2,5	1,3	2,2	2,7
115 Skattar á alþjóðaviðskipti Taxes on international trade	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar Other taxes	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld Social contributions	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárfamlög Grants	33,4	7,9	8,2	8,6	8,8	8,1	8,4
14 Aðrar tekjur Other revenue	44,0	11,3	11,3	10,1	11,3	12,0	12,0
<b>2 Heildarútgjöld Total expenditure</b>	<b>372,3</b>	<b>80,0</b>	<b>120,7</b>	<b>85,1</b>	<b>86,5</b>	<b>86,6</b>	<b>93,5</b>
21 Laun Wages	156,2	36,1	40,4	38,6	41,1	38,7	43,8
22 Kaup á vörum og þjónustu Use of goods and services	104,5	26,2	26,4	25,2	26,7	28,2	28,4
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	14,4	3,5	3,5	3,6	3,7	3,7	3,7
24 Vaxtagjöld Interest	11,1	2,8	2,8	2,8	2,8	2,9	2,9
25 Framleiðslustyrkir Subsidies	4,6	1,2	1,2	1,2	1,2	1,2	1,2
26 Fjárfamlög Grants	1,6	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4	0,4
27 Félaglegar tilfærslur til heimila Social benefits	11,8	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0
28 Önnur útgjöld <sup>2</sup> Other expenditure <sup>2</sup>	49,1	3,5	38,5	3,5	3,5	3,6	3,6
31 Fjárfesting Net acquisition of nonfinancial assets	33,4	6,8	8,1	10,6	7,9	8,6	10,2
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	-14,4	-3,5	-3,5	-3,6	-3,7	-3,7	-3,7
<b>Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB)</b>	<b>-35,3</b>	<b>0,0</b>	<b>-36,4</b>	<b>0,3</b>	<b>0,8</b>	<b>-2,0</b>	<b>-3,1</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue</b>	<b>-10,5</b>	<b>0,0</b>	<b>-43,2</b>	<b>0,3</b>	<b>0,9</b>	<b>-2,4</b>	<b>-3,5</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP</b>	<b>-1,3</b>	<b>0,0</b>	<b>-1,4</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-0,1</b>	<b>-0,1</b>
<b>Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP</b>	<b>12,9</b>	<b>3,1</b>	<b>3,2</b>	<b>3,3</b>	<b>3,3</b>	<b>3,1</b>	<b>3,3</b>
<b>Heildarútgjöld % af VLF Total expenditure % of GDP</b>	<b>14,2</b>	<b>3,1</b>	<b>4,6</b>	<b>3,3</b>	<b>3,3</b>	<b>3,1</b>	<b>3,4</b>

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.<sup>2</sup> Fjármagnstilfærsla sveitarfélaga til Brúar lifeyrissjóðs upp á 35 ma.kr. er meðalinn á 2. ársfjórðungi 2017. The local government's 35 billion ISK contribution to the Pension Fund Brú has been included as an expense in 2nd quarter 2017.

**Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2017–2018**

Table 8. Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2017–2018

Verðlag hvers árs, milljarðar króna Billion ISK at current prices	2017 <sup>1</sup>				2018 <sup>1</sup>	
	Alls <i>Total</i>	Ársfjórðungar (Á) <i>Quarters (Q)</i>			Á <i>Average</i>	Q <i>Q</i>
		I	II	III		
<b>1 Heildartekjur Total revenue</b>	<b>229,7</b>	<b>54,8</b>	<b>54,6</b>	<b>57,9</b>	<b>62,3</b>	<b>58,6</b>
11 Skatttekjur Taxes	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
111 Skattar á tekjur Taxes on revenue	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
112 Skattar á laun Taxes on payroll	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
113 Eignarskattar Property taxes	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
114 Skattar á vörum og þjónustu Taxes on goods and services	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
115 Skattar á alþjóðaviðskipti Taxes on international trade	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
116 Aðrir skattar Other taxes	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
12 Tryggingagjöld Social contributions	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
13 Fjárfamlög Grants	227,1	54,2	54,0	57,3	61,7	57,9
14 Aðrar tekjur Other revenue	2,5	0,6	0,6	0,6	0,6	0,7
<b>2 Heildarútgjöld Total expenditure</b>	<b>223,9</b>	<b>54,5</b>	<b>55,2</b>	<b>56,0</b>	<b>58,2</b>	<b>58,9</b>
21 Laun Wages	27,2	6,5	6,9	6,7	7,1	6,9
22 Kaup á vörum og þjónustu Use of goods and services	43,2	10,3	10,8	10,6	11,5	11,2
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
24 Vaxtagjöld Interest	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
25 Framleiðslustyrkir Subsidies	0,4	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
26 Fjárfamlög Grants	7,3	1,6	1,8	1,9	2,0	2,0
27 Félaglegar tilfærslur til heimila Social benefits	145,3	35,9	35,5	36,5	37,4	38,6
28 Önnur útgjöld Other expenditure	0,4	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
31 Fjárfesting Net acquisition of nonfinancial assets	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
23 Afskriftir Consumption of fixed capital	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
<b>Tekjujöfnuður (1-2) Net lending / borrowing (NLB)</b>	<b>5,7</b>	<b>0,3</b>	<b>-0,6</b>	<b>1,9</b>	<b>4,1</b>	<b>-0,3</b>
<b>Tekjujöfnuður % af tekjum NLB % of total revenue</b>	<b>2,5</b>	<b>0,6</b>	<b>-1,0</b>	<b>3,2</b>	<b>6,6</b>	<b>-0,5</b>
<b>Tekjujöfnuður % af VLF NLB % of GDP</b>	<b>0,2</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,1</b>	<b>0,2</b>	<b>0,0</b>
<b>Heildartekjur % af VLF Total revenue % of GDP</b>	<b>8,8</b>	<b>2,1</b>	<b>2,1</b>	<b>2,2</b>	<b>2,4</b>	<b>2,1</b>
<b>Heildarútgjöld % af VLF Total expenditure % of GDP</b>	<b>8,6</b>	<b>2,1</b>	<b>2,1</b>	<b>2,1</b>	<b>2,2</b>	<b>2,2</b>

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2015–2018**

Table 9. Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2015–2018

	2015 Á Q IV	2016 Á Q IV	2017 Á Q IV	2017 Ársfj. Quarters I	2017 Ársfj. Quarters II	2018 Ársfj. Quarters I	2018 Ársfj. Quarters II
<b>Peningalegar eignir Financial assets</b>							
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	397.711	274.266	167.760	240.759	126.873	191.376	176.465
Lánveitingar <i>Loans</i>	123.870	51.166	97.479	60.607	110.156	90.214	69.707
Hlutafé <sup>1</sup> <i>Shares and other equity<sup>1</sup></i>	351.627	536.374	501.798	652.285	503.212	817.748	819.876
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	137.076	253.368	182.518	198.728	189.858	179.200	175.899
<b>Skuldir Liabilities</b>							
Verðbréf <i>Securities</i>	863.852	832.753	736.690	794.360	790.975	716.105	688.151
Lántökur <i>Loans</i>	475.381	298.632	179.880	300.121	157.050	177.184	176.387
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	172.341	97.868	63.788	96.655	56.421	64.510	61.120
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	303.040	200.764	116.092	203.466	100.629	112.673	115.267
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	435.659	508.476	583.980	611.361	608.361	614.799	614.657
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	72.197	96.107	116.101	104.699	67.727	92.419	95.279
<b>Hrein peningaleg eign Net financial assets</b>	<b>-836.805</b>	<b>-620.794</b>	<b>-667.096</b>	<b>-658.162</b>	<b>-694.015</b>	<b>-321.970</b>	<b>-332.528</b>
<b>Hlutfall af vergri landsframleiðslu % of Gross Domestic Product (GDP)</b>							
<b>Peningalegar eignir Financial assets</b>							
Sjóður og bankareikningar <i>Currency and deposits</i>	44,2	44,6	36,3	44,1	35,6	46,2	44,8
Lánveitingar <i>Loans</i>	17,4	11,0	6,4	9,2	4,9	6,9	6,4
Hlutafé <i>Shares and other equity</i>	5,4	2,0	3,7	2,3	4,2	3,3	2,5
Viðskiptakröfur <i>Other accounts receivables</i>	15,4	21,4	19,2	24,9	19,2	29,5	29,6
<b>Skuldir Liabilities</b>							
Verðbréf <i>Securities</i>	80,7	69,4	61,8	69,2	62,1	57,8	56,8
Lántökur <i>Loans</i>	37,8	33,3	28,2	30,4	30,2	25,9	24,8
Innlend lán <i>Domestic loans</i>	20,8	11,9	6,9	11,5	6,0	6,4	6,4
Erlend lán <i>Foreign loans</i>	7,5	3,9	2,4	3,7	2,2	2,3	2,2
Lífeyrisskuldbindingar <i>Insurance technical reserves</i>	13,2	8,0	4,4	7,8	3,8	4,1	4,2
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	19,0	20,3	22,3	23,4	23,3	22,2	22,2
<b>Hrein peningaleg eign Net financial assets</b>	<b>3,2</b>	<b>3,8</b>	<b>4,4</b>	<b>4,0</b>	<b>2,6</b>	<b>3,3</b>	<b>3,4</b>

<sup>1</sup> Frá og með 1. ársfjórðungi 2018 er eignarhlutur ríkissjóðs í félögum færður sem hlutdeild í eigin fé félaganna í samræmi við lög um opinber fjármál og IPSAS. As of 1<sup>st</sup> quarter, the Treasury's holding in companies is now classified as a share of the company's equity in accordance with the Public Finance Act and IPSAS.